

Árman Kr. Ólafsson

Bæjarstjóri í Kópavogi

ÍSLENSKA

Kópavogur, 17. mars 2020

Kæri Árman.

Við erum skólaliðar í Álfhólsskóla. Við erum láglaunafólk í Eflingu – stéttarfélagi. Við vinnum í hefðbundnum kvennastörfum, í eldhúsum, við þrif og umönnun barna.

Við krefjumst þess að störfin okkar séu metin að verðleikum. Við krefjumst þess að reynsla okkar og færni sé metin að verðleikum. Við krefjumst þess að vera virt sem manneskjur. Þess vegna erum við í verkfalli.

Þú hefur sótt um til Eflingar að fá undanþágu frá verkfalli í Álfhólsskóla. Þú vilt að við stöðvum verkfall okkar, án þess að hafa undirritað nýjan kjarasamning. Þú vilt að við snúum aftur til vinnu, til að gera Álfhólsskóla hreinan og öruggan fyrir börnin.

Á sama tíma og þú krefst þess að við komum til vinnu þá neitar samninganefndin þín að gera sanngjarnan samning við okkur og aðra starfsmenn sveitarfélaga.

Við vinnum í sömu störfum, innan sama stéttarfélags og á sama atvinnusvæði og félagar okkar hjá Reykjavíkurborg. Samt neitar þú að gera samning við okkur um sams konar launahækkanir og í samningi Eflingar við Reykjavíkurborg.

Við viljum að sjálfsögðu gera Álfhólsskóla öruggan og hreinan fyrir börnin, en hér er það sem við viljum að þú gerir í staðinn:

- Hættu að fela þig á bakvið samninganefnd SÍS til að tefja viðræður við samninganefnd Eflingar
- Tryggðu okkur sambærilegar launahækkanir og þær sem Reykjavíkurborg samþykkti í samningi sínum við Eflingu.

Við vinnum mikilvæg störf fyrir mjög lág laun. Við biðjum ekki um mikið. Við erum ekki að biðja um sömu laun og þú, ekki einu sinni helming, ekki einu sinni fjórðung af þeim.

Gerðu það sem er rétt og þá munum við snúa aftur til vinnu fyrir börnin í Kópavogi.

Árman Kr. Ólafsson  
Mayor of Kópavogur

Kópavogur, March 17 2020

ENGLISH

Dear Árman.

We are skólaliðar in Álfhólsskóli. We are low wage workers in Efling Union. We work in traditional women's jobs, in kitchens, cleaning, and taking care of children.

We demand our jobs to be valued. We demand our experience and skills to be valued. We demand to be respected as persons. This is why we are on strike.

You have applied to Efling for an exception to the strike in Álfhólsskóli. You want us to stop our strike, without having signed a new contract. You want us to come back to work, so that Álfhólsskóli can be clean and safe for the children.

At the same time as you demand that we come to work, your negotiations committee refuses to make a fair contract with us and other municipal workers.

We work in the same jobs, in the same union, and in the same region of the country as our fellow workers at Reykjavík City. Yet, you refuse to make a contract with us about the same salary raises as Efling's contract with Reykjavík City.

We would of course like to make Álfhólsskóli safe and clean for the children, but here is what we would like you to do for us first:

- Stop using the Negotiations Committee of SÍS as your cover to delay the contract talks with the Efling Negotiations Committee.
- Guarantee us comparable salary increases that were agreed by Reykjavík City in their contract with Efling.

We work for very low salaries doing very important work. We do not ask for much. We do not ask for the same salaries as you, not even half, not even one quarter.

Do what is right, and then we will come back to our work for the children of Kópavogur.

Regards / Kveðja

Erla Hestnes

Jóna Jódis Jónsdóttir

Fjóla Dögg Finnbugadóttir

Elzbieta Daraszkiewicz

Fjóla Kristín Ásgeirsdottir

Erna Guðný Jónasdóttir

Renata Gardocka

Graça Lopes

Carla Meireles

Anna Björg Sigurðardóttir

Kornelia Eyros Galecia

Agnieszka Zagórska

Halla Steinsson